

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 96/2021

2024/EES/5/09

frá 19. mars 2021

um breytingu á I. viðauka við EES-samninginn (Heilbrigði dýra og plantna)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1373 frá 1. október 2020 um leyfi fyrir sinkklósambandi af lýsini og glútamínsýru sem fôðuruakefni fyrir allar dýrategundir ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1379 frá 1. október 2020 um leyfi fyrir L-systíni, sem er framleitt með *Pantoea ananatis* NITE BP-02525, sem fôðuruakefni fyrir allar dýrategundir ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1560 frá 26. október 2020 um breytingu á VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009 þar sem mælt er fyrir um greiningaraðferðir til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna opinbers eftirlits með föðri ⁽³⁾.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður. Ákvæði löggjafar um föður skulu ekki eiga við um Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtenstein, eins og kveðið er á um í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki við um Liechtenstein.
- 5) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

I. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 31o (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009):
„– **32020 R 1560**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1560 frá 26. október 2020 (Stjtið. ESB L 357, 27.10.2020, bls. 17).“
2. Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir 373. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1510):
„374. **32020 R 1373**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1373 frá 1. október 2020 um leyfi fyrir sinkklósambandi af lýsini og glútamínsýru sem fôðuruakefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 15).
375. **32020 R 1379**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1379 frá 1. október 2020 um leyfi fyrir L-systíni, sem er framleitt með *Pantoea ananatis* NITE BP-02525, sem fôðuruakefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 36).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 15.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 319, 2.10.2020, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 357, 27.10.2020, bls. 17.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2020/1373, (ESB) 2020/1379 og (ESB) 2020/1560, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 20. mars 2021, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 19. mars 2021.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Clara Ganslandt

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.